



Fréttabréf október 2016

Kæru dönskukennarar

Haustfagnaður á vegum Félags dönskukennara

Tími: Föstudagurinn 11. nóv. 2016 kl. 15:00 til 17:00

Staður: Norræna húsið - Sturlugata 5

Skráning: Lis.Ruth.Klorudottir@rvkskolar.is

Viðburðurinn er samvinnuverkefni, FDK, dönskuvíðs Deildar erlendra tungumála við Hugvísindadeild Háskóla Íslands og Tungumálavars grunnskólanna.

Dagskrá

Kl. 15:00 Margrét Karlsdóttir formaður FDK setur fundinn.

Kl.15:05 Gísli Magnússon doktor í þýskum bókmenntum og lektor í dönskum bókmenntum við HÍ frá 2014, fjallar um „Forfatternes tørst efter virkelighed: Autofiktion i nyere dansk litteratur“.

Kaffipása

Kl. 15:40 Margrét I. Ásgeirsdóttir yfirbókavörður bókasafns Norræna hússins kynnrir bókasafnið.

Kl. 16:10 Mariella Thayer kennari í Réttarholtsskóla kynnrir okkur eitt af listformum nútímans, origami. Nokkuð sem auðvelt er að nýta sér í kennslunni. Hér er um að ræða japanska list við pappírsmót.

Kl.17:00-19:00 Samvera félagsmanna, spjall og veitingar.

Veitingar greiddar á staðnum.

Tvær hálfar sneiðar smørrebrød, sætur biti, bjór- eða vínglas kr. 1.950

Tvær hálfar sneiðar smørrebrød, sætur biti, kaffibolli m. ábót eða gosglas kr. 1.500

Þeir sem ekki eru félagsmenn í FDK greiða kr. 3500

Snapchat

Á snapchat er hægt að fylgjast með Íslendingum í útlöndum. Þar fá áhorfendur að fylgjast með daglegu lífi og stöðum sem þeir heimsækja, í þrjá daga í senn. Íslendingar allsstaðar í heiminum hafa tekið þátt m.a. í Tampa í Flórída, Helsingborg í Svíþjóð og Álaborg í Danmörku.

Notendanafnið er *Íslendingar í útlöndum*

Quizlet.com í kennslu

Félag dönskukennara mælir með notkun Quizlet.com (sem og appinu) í kennslu. Í Quizlet geta nemendur búið til rafrænar glósur, farið yfir með einföldum hætti og tekið gagnvirk próf úr þeim. Kennarar geta svo sett inn orðalista eða notað aðra lista sem eru þar.

Hægt er að vinna í tíma með Quizlet.live en þar logga nemendur sig inn. Quizlet skiptir þeim í lið og nemendur þurfa svo að vinna saman til að leysa verkefni. Þarna er ekki bara verið að rifja upp orðaforðann heldur einnig blanda nemendum sem aldrei hafa unnið saman í hóp. Þetta er ekki bara gaman fyrir nemendur heldur líka fyrir kennarann að fylgjast með nemendum vinna vel saman og hræra aðeins upp í bekkjarsamsetningunni.

Prófið og njótið.

Greiðslusedill árgjalds FDK er kominn í heimabankann. Nýir félagsmenn fá fyrsta árið frítt.

Bedrag II á RUV

Margir fylgdust spenntir með þáttaröðinni Svikamylla (Bedrag) á RUV í fyrra. DR sýnir um þessar mundir sjálfstætt framhald þeirrar þáttaraðar og heitir hún Bedrag II. Skv. upplýsingum frá RUV munu sýningar á Bedrag II hefjast 20. nóvember n.k. Það er tilhlökkunarefni.

Bestu kveðjur, stjórnin

Ábyrgðarmaður: Margrét Karlsdóttir
margret@hvaleyarskoli.is